
Uppbygging og endurgerð á skíðasvæðinu í Skálafelli, Reykjavík

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 29. júní 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Skíðasvæðum Höfuðborgarsvæðisins um uppbyggingu og endurgerð skíðasvæðisins í Skálafelli, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. liði 12.01 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands, Vegagerðarinnar, Minjastofnunar Íslands og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Skálafell – Skíðasvæði í Reykjavík, uppbygging og endurgerð – matsskyldufyrirspurn. Júní 2022.


Umsagnir um tilkynninguna bárust frá Náttúrufræðistofnun Íslands 15. ágúst 2022, Veðurstofu Íslands 6. september 2022, Vegagerðinni 22. ágúst 2022, Minjastofnun Íslands 17. ágúst 2022 og Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 17. ágúst 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 22. september 2022.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að skipta út núverandi stólalyftu fyrir nýja fjögurra sæta stólalyftu sem mun ná frá bílastæði fyrirhugaðrar þjónustumiðstöðvar að sömu endastöð og núverandi stólalyfta hefur. Þá stendur til að setja upp snjóframleiðslu á svæðinu, byggja þjónustumiðstöð, laga og stækka bílastæði, koma fyrir rotþró, styrkja veg frá Þingvallavegi að bílastæði, fjarlægja úrelta diskalyftu og koma upp snjógirðingu og lýsingu í skíðabrekkum. Stærð framkvæmdasvæðisins fyrir skíðalyftu er rúmlega 15.000 m², lengd nýrrar stólalyftu verður 1.350 m og fjöldi mastra verða 10-12 og hæð þeirra um 8-12 m. Stærð bílastæða verður allt að 22.000 m² og gólfötur þjónustumiðstöðvar verður að hámarki 2.000 m² og mænishæð að hámarki 7,5 metrar yfir gólfkóta jarðhæðar. Einnig kemur fram að í deiliskipulagi séu sýndir þrír valkostir fyrir vatnsforðalón fyrir snjóframleiðslu en aðeins standi til að setja upp eitt. Lónið verði myndað með stíflu í vatnsfalli á svæðinu og sé líklegasta staðsetningin í dalverpi E3 á mynd 1. Stærð vatnslónsins verði 3.000 – 6.000 m² og verður rúmtak þess um 28.000 m³

Vegagerðin bendir á í umsögn sinni að samkvæmt matsskyldufyrirspurn sé endurbygging aðkomuvegar hluti af framkvæmdinni en vegurinn, Skálafellsvegur, sé tengivegur í umsjá Vegagerðarinnar og gerir stofnunin athugasemd við að ekki sé fjallað um samráð við Vegagerðina í skýrslunni.



Mynd 1: Yfirlitsmynd yfir framkvæmdasvæðið (tekið úr greinargerð)

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að það sé rétt að það hefði mátt vera skýrara í matsskyldufyrirspurninni að styrking vegar nr. 434 sé á ábyrgð Vegargerðarinnar. Skíðasvæðin munu fá að fylgjast með útfærslu styrkingarinnar.

Veðurstofan bendir á að ekki hafi verið gert ofanflóðamat fyrir skíðasvæðið í Skálafelli. Ný stólalyfta liggja um möguleg upptakasvæði snjóflóða og þurfi því að vera hönnuð miðað við hugsanlegan ástreymisþrýsting frá snjóflóðum. Þá þurfi þjónustumiðstöð að standast áhættumat. Veðurstofan bendir á að hún annist gerð hættumats og hægt sé að meta hættuna vegna þessara framkvæmda með svokölluðu staðbundnu hættumati.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur um sé að ræða lyftu sem yrði á sama stað og núverandi lyfta og þar af leiðandi hafi verið talið svo að snjóflóðahætta væri ekki til staðar og ekki yrði breyting á hættustigi. Samkvæmt deiliskipulagi fyrir Skálafell þá sé gerð grein fyrir því að snjóflóðahætta væri meiri ef reist yrði ný skíðalyfta sem væri á öðrum stað upp á Hábungu Skálafells. Í matsskyldufyrirspurninni sé ekki gert ráð fyrir framkvæmdum við slíka skíðalyftu. Fram kemur að við hönnun á möstrum skíðalyftu og þjónustumiðstöðvar verði unnið hættumat á snjóflóðahættu í samræmi við reglugerð nr. 636/2009 um hættumat vegna snjóflóða á skíðasvæðum.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Skíðasvæða Höfuðborgarsvæðisins og umsögnum umsagnaraðila.

Áhrif á lífríki og gróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að á sunnanverðu framkvæmdasvæðinu, þar sem gert sé ráð fyrir dælubrunni, sé votlendi sem sé 3,58 hektarar að stærð en votlendi sem sé yfir 2 hektarar að stærð njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. í lögum um náttúruvernd. Dælubrunnurinn verði staðsettur í jaðri svæðisins þar sem tvö vatnsföll mætist og að framkvæmdir kalli ekki á að votlendi verði fyrir raski. Einnig kemur fram að á byggingarreit stólalyftu, þjónustumiðstöðvar og bílastæða sé ein vistgerð með mjög hátt verndargildi og þrjár með hátt verndargildi. Hins vegar



raskist ekki allur reiturinn fyrir stólalyftu og því sé mögulegt að haga hönnun mannvirkja og framkvæmda með þeim hætti að tekið sé tillit til vistgerða með hátt verndargildi. Auk þess sé ein vistgerð með mjög hátt verndargildi og fjórar með hátt verndargildi á byggingarreit vatnslóns en við hönnun lóna sé mögulegt að taka tillit til vistgerða með hátt verndargildi og tækifæri í að draga úr áhrifum á hönnunartíma. Miðað við umfang rasks, staðhætti og núverandi nýtingu svæðisins sé talið að áhrif á lífríki og gróður verði óveruleg til neikvæð.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að ólíklegt teljist að notkun dælubrunnar muni hafa áhrif á vatnsstöðu í votlendi í nágrenninu en stofnunin bendir á mikilvægi þess að komið sé í veg fyrir allt óþarfa rask við framkvæmdir.

Áhrif á vatnafar

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað lón í vatnsfalli á svæðinu með stíflu eigi að nýta til snjóframleiðslu frá nóvember fram í mars og sé ekki gert ráð fyrir sérstakri meðhöndlun vatnsins við framleiðsluna m.a. verða engin íblöndunarefni notuð. Framkvæmdasvæðið í heild sinni sé ekki á vatnsverndarsvæði og hugað verði að mengunarvörnum og meðferð á olú á svæðinu á framkvæmdatíma. Bættir innviðir, sérstaklega vegir og bílastæði minnki líkur á óhöppum á rekstartíma. Framkvæmdaraðili telur að framkvæmdirnar komi til með að hafa óveruleg áhrif á vatnafar á svæðinu.

Áhrif á landslag og ásjúnd

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdirnar muni hafa óveruleg áhrif á landslag og ásjúnd þar sem svæðið sé nú þegar raskað og landslag mótað af skíðamannvirkjum og innviðum tengdum þeim og í raun verði ásjúnd svæðisins betri með nýrri mannvirkjum og tímabæru viðhaldi á innviðum.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkurborgar 2015-2040 og deiliskipulag skíðasvæðis í Skálafelli.

Framkvæmdin er háð framkvæmda- og byggingarleyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi ásamt lögum um mannvirki og byggingareglugerð. Niðurrif á núverandi skíðalyftum er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti.

6 Niðurstaða

Um er að ræða uppbyggingu og endurgerð á skíðasvæðinu í Skálafelli. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og liði 12.01 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til verndarsvæða og landnotkunar. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá skal taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmda með tilliti til: umfangs, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni þeirra og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.



Fyrirhugaðar framkvæmdir taka til nokkuð umfangsmikils svæðis en framkvæmdasvæðið er nú þegar að mestu leyti raskað og mótað af starfsemi og innviðum sem fylgja skíðasvæði, s.s. skíðalyftum og skíðabrekkum. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að ásýnd og yfirbragð svæðisins kunni að taka breytingum til hins betra við uppbygginguna svo framarlega sem vandað verði til alls frágangs í verklok. Gert er ráð fyrir dælubrunni í jaðri votlendis sem nýtur sérstakrar verndar en framkvæmdir munu ekki raska votlendinu beint skv. framlögðum gögnum og Náttúrufræðistofnun Íslands telur að notkun dælubrunns á þessu svæði muni ekki hafa áhrif á vatnsstöðu votlendis í nágrenninu. Skipulagsstofnun tekur að öðru leyti undir ábendingu Náttúrufræðistofnunar um að koma eigi í veg fyrir allt óþarfa rask við fyrirhugaðar framkvæmdir. Skipulagsstofnun bendir á að taka þurfi tillit til umsagna Vegagerðarinnar og Veðurstofunnar en að öðru leyti ef farið er eftir þeirri verktilhögun sem framkvæmdaraðili boðar til er líklegt að hægt sé að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 31. október 2022.

Reykjavík, 29. september 2022

Jakob Gunnarsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir